

Pó blikur séu á lofti virðist réttargeðdeild fyrirsjánleg:

# Eru 30 ára umræður loks að skila sér?

– Sogn leysir aðeins hluta af vandanum vegna geðsjúkra afbrotamanna

Í máli fjólda aðila sem DV hefur átt viðtöl við á undanförunum árum vegna málefna geðsjúkra afbrotamanna – lögreglu, fangavarda, þingmanna, ráðherra, fangaprests, og aðstandenda brotafólksins sjálfis – eru flestir sammála um að geðheilbrigðisstofnanir hafi brugðist og verið hindrun í laus þessara mála.

Á Alþingi í vetur sagði Salóme Þorkeldsdóttir að 30 ár væru liðin frá því fyrst hefði verið farið að ræða þessi mál á Íslandi sem og mál vegna ríkisfangelsis. Öðru hvoru síðan hefði málið komið til umræðu á Alþingi. Alltaf hefðu allir verið sammála um að brýna nauðsyn bæri til að leysa það en samt hefði aldrei neitt gerst. Málið hefði ekki einu sinni „þokast fetið“. Við sama tækifæri sagði Karl Steinar Guðnason alþingismaður:

„Ástæðan fyrir því að geðsjúkir afbrotamenn eru ekki vistaðir á viðeigandi gæslustofnun á geðsjúkráhusunum er fyrirstaða lækna. Það eru smákóngar í kerfinu sem hafa getað komið í veg fyrir að vistunarmál geðsjúkra afbrotamanna kæmst í eðlilegt horf hér á landi. Þessi mál eru í alvarlegu ástandi og til skammar,“ sagði Karl Steinar.

Guðmundur Bjarnason, þáverandi heilbrigðisráðherra, tók undir með Karli og sagði að kenna mætti læknum um. Guðmundur sagði að laus málsins væri orðin svo aðkallandi að hann myndi ekki biða lengur, heldur beita ráðherravaldi sínu til að leysa það. Rétt áður en Guðmundur lét af embætti í vor skipaði hann Láru Höllu Maack sem yfirlækni fyrirhugaðrar réttargeðdeildar. Hún átti að taka til starfa þann 1. september.

## Seinangangurinn kostaði mannlíf


Í dag virðist réttargeðdeild, fyrir að minnsta kosti hluta af andlega sjúku afbrotafólki, vera í augnsýn. Deildinni hefur verið fundið húsnæði að Sogni í Ölfusi. Þó eru blikur á lofti í þeim efnum. Meðal annars vegna aðgerða borgara í nágrenni Sogs. Þrátt fyrir að Lára Halla hafi sagt upp starfi sínu í fyrradag virðist þó að deildinni verði sennilega komið á fót í vetur.

Hjá því verður þó ekki horft að seinangangur stjórnvalda er að áliti margra búanna að kosta mannlíf og öðrum óbætanlegu tjóni. Viðtöl DV við lögreglu og fleiri aðila í vetur leidda þessar staðreyndir í ljós. Þegar andlega vanheil kona svipti mann lífi í Blesugróf í febrúar sagði Andrea Þórbjörnsdóttir hjá Geðhjálpi við DV:

„Ég hef þekkt þessa konu lengi og hún er bullandi veik. Hún hefur verið svípt sjálfræði frá 1973 og á að vera undir eftirliti frá Kleppsspitla. Hún bjó hins vegar upp á sitt eindæmi í Blesugróf. Hún hefur verið úrskurðuð ósakhæf en var sett aftur á götuna. Hvernig stendur á því að hún er látin ganga laus? Hver ber ábyrgð á því að mál hennar hafa farið svona? Það er einhver ábyrgur. Ég segi að það sé Kleppsspitla sem ber ábyrgðina,“ sagði Andrea. Umrædd kona var vistuð í Síðumúlafangelsi í tvö ár eftir annað mandráp árið 1973.

„Það má ekki vista neinn í Síðumúlafangelsi jafnlangt og gert hefur verið með hana. Það er alveg hroðalegt þegar geðsjúk manneskja á í hlut. Það er gegn öllum lögum,“ sagði Andrea.

Eftir mandrápið í vetur sagði Ómar Smári Armannsson aðstoðar-yfirlögregluþjónn í viðtali við DV:



Að Sogni í Ölfusi er ætíunin að koma upp réttargeðdeild fyrir afbrotafólk sem á við geðræn vandamál að stríða. Undirbúningsvinna er þó á frumstigi. Nýskipaður yfirlækni hefur sagt upp, blikur eru á lofti með afstöðu íbúa í nágrenni Sogs og húsið sjálft er ekki tilbúið ennþá til að standa undir þeim kröfum sem væntanlega verða gerðar til þess. DV-myndir JAK

„Okkar vinna felst mikið í að vekja athygli á aðstöðu þessa fólks og því ástandi sem það er í. En það er eins og með svo marga hluti – það er oft ekki hlustað á okkur.“ Hjá lögregluinni hafði þá þegar komið fram að búið var að vara mjög við ástandi konunnar. Hins vegar hafði ekkert gerst þar sem viðbrögð lækna voru litil.

Ómar Smári sagði að allir hlutaðeigandi aðilar hefðu fylgst með þroskaþetta manni sem varð vinkonu sinni að bana í Njörvasundi – allir hefðu vitað hver staða mála hefði verið. Lögreglan hafi hins vegar látið það í hendur sérfræðinga að meta hvað væri eðlileg vistun en



„Í réttargeðlækningum er hættulegustu sjúklingana að finna. Þeir deyða og meiða sjálfa sig og aðra. Ráðuneytismenn gera sér ekki grein fyrir að um líf sjúklinga og starfsfólks er að tefja. Ábyrgðina á lífi þessa fólks verða ráðamenn nú að bera sjálf,“ sagði Lára Halla Maack meðal annars í uppsagnarbrefi sínu til heilbrigðisráðherra á mánudag.

## Fréttaljos:

### Óttar Sveinsson

vakið athygli á málinu. Þá sagði Ómar að annað alvarlegt ofbeldismál snemma á árinu þar sem andlega vanheil maður stakk föður sinn með hnífi hefði átt talsverðan aðdraganda. Sá maður var undir lækni-hendi. Ofangreind kona og mennirnir tveir eru nú ill í einangrun í Síðumúlafangelsinu, löngu eftir að dómrur hefur verið upp kveðinn. Þau þurfa mjög á lækniástoðu að halda.

### Það tók 30 ár

Í vetur kom yfirlýsing frá Fanga-varðafélagi Íslands þar sem sagði meðal annars:

„Í nútíma þjóðfélagi, sem kennir sig við framfarir og þróun, er óhæfa að geðsjúkt fólk sé lokað inni í einangrunaklefum fangelsa, beinlínis vegna sjúkdóms síns.

Það hlýtur að vera krafa okkar, sem starfa við fangelsin, að þessir

mundur Bjarnason yfirlækni við fyrirhugaða deild. Sighvatur Björgvins-son, núverandi heilbrigðisráðherra, hefur í sumar haldið starfinu áfram af krafti, að áliti flestra þeirra for-svarsmanna í fangelsismálum sem DV hefur rætt við á undanförunu.

### Hvað er hagstæðast?

Sighvatur heilbrigðisráðherra hefur bent á að þó réttargeðdeild sé fyrir-sjánleg – hann muni ráða annan yfirlækni í stað Láru Höllu og að beðið verði um áframhaldandi fjár-veitingu – þá sé enn eftir að leysa vandamál þeirra geðsjúku afbrotamanna sem teljast sjálfum sér og öðrum mjög hættulegir.

Hér er um að ræða hina margum-ræddu öryggisgæslu sem einfaldlega er ekki til á Íslandi. Dómstólar hafa eigi að síður dæmt fólk að vissu leyti til refsingar á slíkum stöðum. Þeir öryggisgæslufangar eru nú vistaðir á víðeigandi hæli í Svíþjóð. Kostnað-ur ríkisins við hvern þeirra nemur tæpum 10 milljónum króna á ári. Heilbrigðisráðherra sagði við DV í gær að bygging fyrir öryggisgæslu-fanga myndi kosta 350 milljónir króna og rekstrarkostnaður yrði hátt á annað hundrad milljónir á ári. Sé dæmið skoðað út frá hagregðingarsjónarmiði er ljóst að það hreinlega bergei sig að senda hina fáu öryggis-gæslufanga til útlanda í víðeigandi meðferð.

Á hinn bóginn er rétt að benda á að það að senda fanga til útlanda er háð samþykki dómþolans. Fanginn er þá einangraður frá fósturjörðinni og ættingjum sínum og hann mun einnig eiga við tungumálaerfiðleika að stríða. Heilbrigðisráðherra ætlar bráðlega að taka upp víðræður við dómsmálaráðherra um ákvarðana-töku um hugsanlegt öryggisgæslu-fangelsi.

### Hvað verður um þverholtsfangann?

Þó svo að réttargeðdeild verði lík-lega komið á fót áður en mjög langt um liður og hægt verði að leysa vanda hættulegra afbrotamanna með því að senda þá til Svíþjóðar verða ýmis mál áfram óleyst í haust.

Í eins konar einangurdeild fangelsins á Litla-Hrauni lýkur mjög hættulegur og geðsjúkur afbrotamaður 10 ára fangelsisafplánum sinni í haust. Þetta er maðurinn sem réðist á mjög hrotafenginn hátt á stúlku í Þverholti á sínum tíma.

Maðurinn er óumdeilanlega geð-veikur og hefur innan fangelsis-múranna gefið yfirlýsingar um að hann muni halda ofbeldisverkuð áfram er hann sleppur út. Ástæðan fyrir því að þessi maður er í fangelsi er sú að hann var á sínum tíma tal-inn sakhæfur. Þar með var hægt að dæma hann í fangelsi – þrátt fyrir hans geðræna ástand. Þannig slapp kerfið – gat komið honum í „geymslu“. Í þessu tilfelli þurfti ná-kvæmlega það sama að gerast og með þau þrjú sem sitja nú í Síðumúla-fangelsinu, þau „urðu“ að brjóta af sér til að hægt væri að loka þau inni.

Sama gildir um vanaafbrotamann-inn Steingrímur Njálsson. Þrátt fyrir tilraunir hefur ríkissáksóknaraemb-ættina ekki tekist að fá hann vistað-an í öryggisgæslu. Það er af þeirri einföldu ástæðu að hún er ekki til – Steingrímur hefur hins vegar siend-urtekið farið í fangelsi en alltaf kom-ist upp með að brjóta af sér aftur. Kerfinu „hefur tekist“ að dæma hann fyrir kynferðisafbrot gagnvart 14 ungum drengjum. Frá 1963 hefur Steingrímur siendurtekið brotið af sér, tekið út sinn dóm en jafnharðan orbið laus aftur. En öryggisgæsla, hún hefur ekki verið til.